

Fundargerð 8. fundar stjórnar SSÍ 2013-2015 miðvikudaginn 18. september 2013

Mættir: Hörður J. Oddfríðarson formaður, Hlín Ástþórsdóttir varaformaður, Lóa Birna Birgisdóttir gjaldkeri, Ólafur Baldursson ritari, Ragnar Marteinnsson, Ingi Þór Ágústsson, Málfríður Sigurhansdóttir, Ingibjörg Kristinsdóttir, Jacky Pellerin landsliðspjálfari og Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri.

Forföll: Jónas Tryggvason, Jón Oddur Sigurðsson

Fundur settur kl. 17:14

1. Úrsögn úr stjórn – varamenn færast upp

- a. Jón Oddur Sigurðsson hefur sent formanni SSÍ erindi þar sem hann segir sig frá stjórnarstörfum vegna mikilla anna á öðrum vettvangi. Jóni er þakkað samstarfið í stjórn, en hann mun áfram tengjast sundhreyfingunni.
- b. Ingibjörg Kristinsdóttir og Jónas Tryggvason taka sæti í stjórn SSÍ sem aðalmenn í kjölfar þess að Jón Oddur og Karen Malmquist hafa sagt sig frá stjórnarstörfum, sæti Jóns Odds fram að sundþingi og sæti Karenar meðan hún fæst við persónuleg málefni.

2. Breytingar á Almennum ákvæðum SSÍ – kynntar og ræddar á formannafundi SSÍ, þjálfarafundi SSÍ og foreldrafundi

- a. 3.grein

3. grein - Innanfélagsmót

Innanfélagsmót eru þau sundmót kölluð þar sem þátttaka er takmörkuð við ákveðið félag og gesti þess. Farið skal eftir sundreglum SSÍ og FINA. Heimilt er að víkja frá reglum um fjölda starfsmanna á innanfélagsmótum og mótum þar sem ákveðnum hópum er boðin þátttaka. Sé það gert skal það tilkynnt til SSÍ með amk. 3 daga fyrirvara og þess getið í úrslitum mótsins.

- b. 4.grein

4. grein - Héraðsmeistaramót

Héraðsmeistaramót eru haldin af einu eða fleiri héraðssamböndum eða sundráðum. Skulu þau fara fram samkvæmt sundreglum SSÍ og FINA. Heimilt er að víkja frá reglum um fjölda starfsmanna á innanfélagsmótum og mótum þar sem ákveðnum hópum er boðin þátttaka. Sé það gert skal það tilkynnt til SSÍ með amk. 3 daga fyrirvara og þess getið í úrslitum mótsins.

- c. 5.grein

5. grein - Sundmót SSÍ

Sundmót SSÍ skulu vera:

- a) Opna - Íslandsmeistaramótið í 50 m laug.
- b) Opna - Íslandsmeistaramótið í 25 m laug.
- c) Aldursflokkamót SSÍ
 - i. Unglingameistaramót Íslands, UMÍ haldið í 50 metra laug.
 - ii. Aldursflokkameistaramót Íslands, sem haldið skal í 25 m laug.
- d) Bikarkeppni SSÍ, sem haldin skal í 25 m eða 50 m laug.
- e) Opna Íslandsmeistaramótið í garpasundi, sem haldið skal í 25/50 m laug.
- f) Opna - Íslandsmótið í sundknattleik.
- g) Opna - Íslandsmótið í dýfingum.
- h) Opna - Íslandsmótið í samhæfðri sundfimi.
- i) Opna - Íslandsmótið í víðavatnssundi.
- j) 3 km og 5 km sundkeppni

Öll mót SSÍ eru haldin samkvæmt reglum FINA, Alþjóða sundsambandsins, nema annað sé tekið fram í reglugerðum móta SSÍ. Óheimilt er að stofna til annarrar keppni í sundíþróttum á vegum sambandsaðila þá daga sem ofangreind mót fara fram. Stjórn SSÍ er heimilt að breyta nafni móts þannig að það tengist nafni eða vörumerki styrktaraðila þegar styrktaraðili tekur að sér að styrkja tiltekið mót. Heiti móts skal ávallt innihalda nafn/auðkenni Sundsambands Íslands. Sundmót SSÍ skulu ekki verið á dagskrá á sama tíma og meistaramót LEN og FINA. Dagsetningu SSÍ-móta getur stjórn SSÍ breytt, þegar áætlun um meistaramót LEN og FINA liggur fyrir svo og ef breyting verður á forsendum mótahaldsins.

- d. 6.grein

6. grein - Umsókn um mót

Hvert aðildarfélag sambandsaðila skal hafa rétt á að halda mót á vegum SSÍ með fullri fjárhagslegri ábyrgð. Réttindi til þátttöku á mótum SSÍ, hafa öll sundfélög sem eiga lögmæta aðild að íþróttabandalagi eða héraðssambandi innan ÍSÍ.

Fundargerð 8. fundar stjórnar SSÍ 2013-2015 miðvikudaginn 18. september 2013

Umsóknir um að halda mót á vegum SSÍ skulu **berast SSÍ fyrir 15. maí fyrir næsta sundtímabil**. Liggja fyrir á Sundþingi og Ákvörðun stjórnar um staðsetningu skal liggja fyrir ~~eigi síðar mánuði fyrir~~ í upphafi keppnistímabils og þá skal stjórn einnig gefa út mótaskrá fyrir komandi tímabil.

Í umsókn **um SSÍmót**, skal koma fram greinargóð lýsing á laug og öðrum keppnisaðstæðum (mælingu á laug, upphitunarkerfi laugar, aðstæður fyrir áhorfendur o.fl.) og upplýsingar varðandi gistingu, fæði og ferðamáta, svo og kostnað við það. ~~Til þess að halda opin sundmót þarf leyfi viðkomandi héraðssambands / íþróttabandalags. Ákveði þetta á ekki við um sundmót á vegum SSÍ.~~

Umsóknir um opin sundmót skal senda viðkomandi aðilum og SSÍ fyrir **15. maí fyrir næsta sundtímabil**. Heimilt er að efna til **opinnar sundíþróttakeppni með minni fyrirvara, en þá verður umsókn um mótið að berast til SSÍ** með minnst 1 mánaðar fyrirvara.

Í umsókn um innanfélagsmót skal tekið fram hvar og hvenær mótið á að halda, í hvaða greinum verði keppt og nafn yfirdómara. Tilkynning um mótið skal berast stjórn SSÍ með minnst ~~þrjú~~ **þrjú** sólahringa viku fyrirvara og skal SSÍ skrá umsóknir (tilkynningar).

Félög eða félagsmenn innan vébanda ÍSÍ mega ekki taka þátt í opinni keppni eða móti sem ekki hefur hlotið samþykki viðkomandi aðila. Þó er hér undanskilin skólakeppni og keppni milli vinnuflokka.

e. 7.grein

7. grein - Veiting móta

Ef tvö eða fleiri aðildarfélag sækja um að halda sama mót á vegum SSÍ skal stjórn SSÍ ráða staðsetningu þess og er niðurstaða hennar endanleg. **Framkvæmdaaðili** og SSÍ skulu **ávallt** gera með sér skriflegan samning um framkvæmd mótsins og skiptingu hagnaðar og kostnaðar.

f. 8.grein

8. grein - Skyldur mótshaldara framkvæmdaaðila

~~SSÍ~~ Mótshaldari skal senda sendir út tilkynningu til aðildarfélaganna minnst **einum mánuði þremur mánuðum** fyrir mót. Í tilkynningunni skulu koma fram upplýsingar um laugarstærð, tækjabúnað, skipulag móts og dagskrá, skráningargjöld og skráningarfrest.

Á sundmótum skal unnið í samræmi við staðfestar leiðbeiningar vegna sundmóta SSÍ og jafnframt skal kynna sérstaklega meðferð ágreiningsmála, kæruleiðir og áfrýjun úrskurða og þar með lögsögu dómstóla ÍSÍ.

Ágreining sem upp kemur á móti skal leysa innan lögsögu mótsins, sé þess nokkur kostur og gera grein fyrir niðurstöðu í mótaskýrslu. Nú verður ekki leyst úr ágreiningi innan lögsögu mótsins – eða vitneskja um atvik berst ekki fyrr en að loknu móti – skal þá vísa málum með formlegum hætti til stjórnar SSÍ. Fylgja skal greinargerð og sem nákvæmest atvikalýsing. Skal þá stjórn SSÍ leita lausnar á ágreiningi / satta, en jafnframt kynna málið fyrir Aga- og síðanefnd SSÍ, sem tekur við málinu innan þess frests sem stjórn hefur ákveðið, hafi ekki fengist viðunandi niðurstaða fyrir þann tíma.

Aðildarfélag sem tekið hefur að sér framkvæmd móts á vegum SSÍ en dregur sig til baka ~~innan við þrjú mánaða~~ **meira en þremur mánuðum áður en mót hefst**, frá móti skal greiða sekt til SSÍ að fjárhæð sem svarar til 1.750 EUR. SSÍ skal síðan greiða fjárhæð sem svarar til 1.250 EUR til þess félags sem hleypur í skarðið. Ef ~~mótshaldari~~ **framkvæmdaaðili** dregur sig til baka frá AMÍ innan þrjú mánaða frá móti skal hann greiða sekt sem svarar til 2.625 EUR til SSÍ. SSÍ skal síðan greiða fjárhæð sem svarar til 2.000 EUR til þess félags sem hleypur í skarðið.

Fulltrúi SSÍ á að vera viðstaddur lokaundirbúning keppnissvæðis og mælingu á laug. ~~Mótshaldari~~ **Framkvæmdaaðili** er algjörlega fjárhagslega ábyrgur fyrir mótinu. ~~Mótshaldara~~ **Framkvæmdaaðila** er skylt að sjá til þess að löglegur fjöldi starfsmanna sé til staðar meðan á móti stendur. ~~Mótshaldara~~ **Framkvæmdaaðila** er skylt að halda mótið í samræmi við áður ákveðna dagskrá samþykka af stjórn SSÍ.

g. 9.grein

9. grein - Skyldur þáttökuliða á SSÍ-mótum

Aðildarfélag skulu sjálf bera allan kostnað vegna ferða til og frá mótsstað, svo og kostnað vegna fæðis og gistingar. Félag skulu útvega starfsfólk í hlutfalli við fjölda skráninga miðað við stærð laugar. ~~Mótshaldari skal gera~~ **SSÍ gerir** grein fyrir starfsmannabörf um leið og mót er ~~auglýst~~ **tilkynnt** og skulu félag skila lista um starfsmenn samhliða skráningu keppenda. Sú almenna regla skal gilda að félag skili að lágmarki einum starfsmanni fyrir hverjar 10 skráningar og þau félag sem starfa innan 120 km fjarlægðar frá mótsstað skulu skila tvöföldum fjölda starfsmanna á við þau félag sem lengra eiga að. Stjórn SSÍ ~~hefur heimild til að~~ **skal** beita félögum viðurlögum t.d. fésektum, **uppfylli þau ekki skilyrði um fjölda starfsmanna á mótum**, og eða vísa þeim frá keppni láti þau undir höfuð leggjast að skila tilskyldum fjölda starfsmanna. **Sekta má félag um sem samsvarar 20 EUR miðað við hverja stöðu sem vantar í og félagið á að manna í viðkomandi móti**. Skal stjórn SSÍ beita félög viðurlögum ef um ítrekuð brot á þessari reglu er að ræða.

h. 10.grein

10. grein - Tilkynningar og auglýsingar um mót

Í tilkynningum til félaga og auglýsingum skal tekið fram hvar og hvenær mótið fer fram og jafn framt skýrt kveðið á um skráningarfrest, í hvaða greinum verði keppt, röð greina, fjölda starfsmanna sem krafist er og ef keppt er um sérstaka verðlauna- eða farandgripi.

Sérstaklega skal kynna ef keppni fer fram í **aldursflokkum** ~~opnum flokkum~~, garpaflokkum eða fötlunarflokkum. Tekið skal fram í auglýsingum um sundmót hvort greiða skal skráningargjald og hve hátt það er.

i. 11.grein

11. grein - Skráningargjald

Heimilt er að krefjast skráningargjalds á ~~öðrum~~ **öðrum** sundmótum ~~en þeim sem eru á vegum SSÍ~~. Framkvæmdaaðilar ~~þeirra~~ móta, **annarra en SSÍ móta**, hafa fjálsar hendur um ákvörðun skráningargjalda.

j. 12.grein

Fundargerð 8. fundar stjórnar SSÍ 2013-2015 miðvikudaginn 18. september 2013

12. grein - Skráningarfrestur, þátttökutilkynningar

Einstaklings- og/eða liðaskráning vegna allra SSÍ móta skal hafa borist skrifstofu SSÍ fullum 10 dögum fyrir mótsbyrjun. Vegna SSÍ móta leggur SSÍ til mótaskrá á tölvutæku formi og skal skráningum skilað á því sama formi sem forrit SSÍ les. Þeir sem ekki hafa aðgang að því forriti gagnaformi sem forrit SSÍ notar les, hverju sinni skulu geta í undantekningartilfellum fengið að senda skráningarnar inn á þar til gerðum skráningarformum sem eru gefin út af SSÍ og skulu skráningar þá hafa borist skrifstofu SSÍ fullum 12 dögum fyrir mótsbyrjun. Önnur skráningarblöð eða form eru ekki tekin gild sem skráning á SSÍ mót. **Öllum skráningum skal skilað inn með tölvupósti eða öðrum rafrænum hætti sem SSÍ viðurkennir.** Í öllum tilfellum skal koma fram fullt nafn, kennitala, og löglegur tími keppenda á yfirstandandi keppnisári. Í þeim tilfellum þar sem lágmörk gilda m/v aldur og/eða aldursflokkaskipting ber að miða við fæðingarár viðkomandi keppenda. Ásamt skráningum skal skila inn nafnalista yfir starfsfólk (dómara, annað starfsfólk móta).

Dagsetning á skráðum árangri og staðsetning eða mótsheiti skal koma fram á skráningarformi.

Hafi keppandi verið rangt skráður skal sá keppandi ávallt raðast í riðil miðað við að hann eigi ekki gildan tíma í greininni og félagi hans skal gert að greiða sekt að fjárhæð sem samsvarar 20 EUR.

Röð keppenda í boðsundssveitum skal tilkynna skriflega í síðasta lagi hálf tíma fyrir viðkomandi keppnishluta - til að sveitin öðli keppnisrétt.

Mótskaldarar Framkvæmdaaðilar annarra móta en opinna móta og SSÍ móta hafa heimild til að setja aðrar reglur um skráningarfresti og skráningarform. Það skal þá koma fram í tilkynningu um mótið hvernig þessum málum er háttað.

k. 16. grein

16. grein - Skráningartímar

Við skráningu á sundmót skal ávallt nota tíma frá móti sem haldið er samkvæmt lögum og reglum SSÍ/FINA enda hafi mótið verið skráð og úrslitum skilað til SSÍ. Tími telst almennt gildur innan tólf mánaða tímabils eða milli samsvarandi móta. Tíma á að skrá í samræmi við þá brautarlengd sem mót fer fram í. Tímum úr brautum af annarri lengd skal breyta samkvæmt reiknireglu SSÍ og merkja sérstaklega í skráningu. **Eigi keppandi tíma í viðkomandi brautarlengd er honum óheimilt að nota umreiknaðan tíma úr annarri brautarlengd, hvort sem sá tími er lakari eða betri.** Ef tími keppenda er rangt skráður skal sá keppandi raðast í riðil miðað við að hann eigi ekki gildan tíma í greininni eða missa þátttökurétt ef um tímalágmörk á viðkomandi mót er að ræða. Jafnframt er félagi hans gert að greiða sekt að fjárhæð sem samsvarar 20 EUR.

Íslenskt sundfólk sem stundar æfingar í sundi, en býr erlendis og sannanlega getur ekki náð lágmarkstímum á Íslandsmeistaramóti í rétttri eða umreiknaðri brautarlengd, samkvæmt 14. grein, getur sótt um heimild til keppni á Íslandsmeistaramóti til stjórnar SSÍ með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Þessir einstaklingar eru þá skráðir án tíma í viðkomandi greinum.

Á mótum skulu allar boðsundssveitir skráðar tímalasur (00:00,00) í undanrásnum eða þegar keppt er beint til úrslita. Röðun á brautir ræðst þá af handahófi, nema reglur viðkomandi móts segi til um annað. ~~Árangur boðsundssveita ræður að öðru leyti röðun þeirra á brautir.~~

l. 18. grein

18. grein - Skýrslur

Framkvæmdaaðilar opinna móta skulu senda SSÍ mótaskýrslu og útprentun úr tímatökutækjum. **Einnig skulu úrslit mótsins berast til SSÍ á tölvutæku formi.** Skýrsla um sundmót skal undirrituð af mótsstjóra og yfirdómara. **Til þess að úrslit teljist gild þurfa framangreind gögn að hafa borist SSÍ innan sjö daga frá lokum móts.** Framkvæmdaaðilar skulu birta staðfest úrslit innan sama tíma.

m. 20. grein

20. grein - Félagaskipti

Keppandi getur skipt um félag hvenær sem er á keppnistímabilinu. **Um leið missir hann keppnisrétt með því félagi sem hann hefur verið skráður í fram að því.** Keppnisrétt öðlast hann með sínu nýja félagi þó ekki fyrr en 30 dögum eftir að tilkynning um félagaskipti hefur borist SSÍ.

Tilkynna þarf öll félagaskipti skriflega til skrifstofu SSÍ. Tilkynningar ásamt staðfestingu á skuldlausri stöðu við fyrra félag þurfa að berast skrifstofu SSÍ á þar til gerðu eyðublaði/formi. Hafi viðkomandi einstaklingur ekki keppt á skráðu sundmóti undanfarin tvö ár, gerist ekki þörf að tilkynna félagaskipti. Póststimpill ábyrgðarbréfs, kvittun stjórnarmanns eða starfsmanns gildir sem dagsetning tilkynningar um félagaskipti. Stjórn SSÍ skal á næsta fundi staðfesta félagaskipti og færa til bókar. **Keppandi sem er í félagaskiptaferli, má keppa sem gestur á opnum mótum og SSÍ mótum í þeim tilgangi einum að ná lágmörkum í landsliðsverkefni.**

n. 21. grein

21. grein – Keppnisréttur erlendra sundmanna og íslendinga búsetta erlendis

Á Íslandsmótum í sundi geta íslenskir ríkisborgarar einir orðið Íslandsmeistarar og sett íslensk met. Erlendu sundfólki er heimil keppni í einstaklingsgreinum og boðsundssveitum á Íslandsmótum til verðlauna. Boðsundssveit með erlendan ríkisborgara innanborðs getur aldrei hlotið Íslandsmeistaratítul né sett íslenskt met.

Ekki skal setja takmörk á fjölda erlendra ríkisborgara í liðakeppni í sundi, að því tilskyldu að viðkomandi hafi sannanlega búið á Íslandi í 30 daga hið minnsta.

Íslenskir ríkisborgarar búsettir erlendis eiga alltaf keppnisrétt á Íslandsmótum. Óski íslenskir ríkisborgarar sem æfa og keppa undir merkjum félaga erlendis eftir að keppa undir merkjum félags á Íslandi gilda reglur SSÍ um félagaskipti. Íslenskir ríkisborgarar sem æfa og keppa undir merkjum félaga erlendis, en hafa aldrei keppt undir merkjum félags á Íslandi skulu uppfylla ákvæði á hluta IX. Kafla laga og reglugerða SSÍ um þátttökurétt erlendra sundmanna eftir því sem við á.

o. 22. grein

Fundargerð 8. fundar stjórnar SSÍ 2013-2015 miðvikudaginn 18. september 2013

22. grein - Forföll, varamenn, vísað frá keppni.

Keppandi sem skráður hefur verið til opinnar keppni og mætir ekki til leiks, án sannanlegra forfalla, skal tilkynntur til sérráðs og/eða héraðssambandsstjórnar, og sæti hann sæta viðurlögum, sektum eða útilokun frá keppni. Mæti keppandi ekki til leiks af þeim orsökum að félag hans hefur skráð hann án vitundar eða samþykkis hans/hennar, skal félagið sæta ábyrgð fyrir. Þátttakendum sem ekki eru viðstaddir þegar yfirdómari eða aðstoðarmenn hans kalla upp nöfn þeirra áður en rásmerki er gefið má neita um að keppa. Á öllum mótum á vegum SSÍ skal sekt fyrir að mæta ekki á rásfall á réttum tíma vera sem svarar 33 EUR fyrir einstaklingsgreinar en sem svarar 65 EUR fyrir boðsundssveitir. Heimilt er að setja inn varamenn fyrir úrskráningar í undanrásnum eða þegar keppt er beint til úrslita – í samræmi við reglur FINA. Ávallt er heimilt að skrá úr einstökum greinum innan auglýsts frests.

p. 23.grein

23. grein - Keppni milli karla og kvenna

Á mótum SSÍ má ekki stofna til einstaklingskeppni milli karla og kvenna. Stjórn SSÍ getur veitt undanþágu frá þessari reglu á sérgreindum mótum, ef sótt er um það með amk. tveggja vikna fyrirvara og sérstaklega stendur á. Í boðsundum má blanda kynjum í samræmi við reglur FINA, þannig að tveir jafnmargir af hvoru kyni skipi hverja sveit.

q. 24.grein felld út og endurnúmerað eftir það

24. grein – Þjálfun

Þjálfurum og liðsstjórum er óheimilt að vera í faglegu sambandi við keppanda í sundþróttum sundi, sundfimi eða dýfingum á meðan viðkomandi grein stendur yfir eða svo og í sambandi við sundknattleik meðan leikur í sundknattleik er í gangi.

r. 26.grein (verður 25.grein)

26. grein - Yfirdómnefnd móts (Jury of appeal)

Á öllum mótum SSÍ starfar yfirdómnefnd skipuð þremur stjórnarmönnum SSÍ. Formaður SSÍ er jafnframt formaður yfirdómnefndar. Skal yfirdómnefnd úrskurða í ágreinings- og álitamálaum sem upp koma á móti, í samræmi við reglur LEN og FINA og ef þau falla ekki beinlínis undir lögsögu annarra aðila í samræmi við samþykktir SSÍ og ÍSÍ.

Yfirdómnefnd móts skal fjalla um öll mál sem upp kunna að koma varðandi slæma framkomu eða hegðun á öllum mótum SSÍ. Ef keppandi eða starfsmaður gerir sig sekan um ósæmilega hegðun að mati yfirdómara eða fulltrúa SSÍ og ekki vinnst tími til að taka á málinu meðan á móti stendur, getur viðkomandi sent skýrslu um málið til skrifstofu SSÍ innan 7 daga frá því að atvikið átti sér stað. SSÍ skal tilkynna viðkomandi félagi um atvik þau er varða keppendur, starfsmenn og/eða trúnaðarmenn viðkomandi félags og skal félagið taka málið til meðferðar og kynna stjórn SSÍ niðurstöðu sína innan þess frests sem hæfilegur getur talist. Úrskurðir yfirdómnefndar móts eru endanlegir.

Breytingar á almennum ákvæðum staðfestar

3. Breyting á III. Kafli – Hlutverk og starfsnefndir SSÍ – kynntar og ræddar á formannafundi SSÍ, þjálfarafundi SSÍ og foreldrafundi

Þjálfaranefnd

Starfsnefndir SSÍ hafa ekki sjálfstæðan fjárhag og ekki umboð til skuldbindinga umfram það sem samþykktir sundþings eða samþykktir stjórnar SSÍ tilgreina í hverju einstöku tilviki. Um frávik frá áætlunum og breytingar á umboði nefnda ber að leita samþykkis stjórnar SSÍ hverju sinni. Starfsnefndir SSÍ fjalla um skilgreind verkefni í samræmi við erindisbréf en auk þess fjalla þær um þau erindi sem stjórn SSÍ vísar til umsagnar eða afgreiðslu einstakra nefnda.....

Þjálfaranefnd

Þjálfaranefnd SSÍ er rödd starfandi þjálfara gagnvart SSÍ. Hún er stjórn SSÍ, landsliðsnefnd og landsliðsþjálfara til ráðgjafar þegar kemur að lágmarkum, uppbyggingu og útbreiðslu sundþróttá Íslandi. Nefndin styður fræðslunefnd, landsliðsnefnd og landsliðsþjálfara í uppræðslu starfandi þjálfara, uppbyggingu aldursflokka í sundi og uppbyggingu sundfélaga og deilda. Stjórn SSÍ skipar nefndina og tilnefnir einn úr sínum hópi í hana, en aðrir nefndarmenn eru tilnefndir af þjálfarasamfélaginu á hverjum tíma.

Breyting á III. Kafli staðfest

4. Breytingar á reglugerðum – kynntar og ræddar á formannafundi SSÍ, þjálfarafundi SSÍ og foreldrafundi

- a. ÍM50
- b. ÍM25
- c. UMÍ
- d. AMÍ

Reglugerðir í liðum a – d eru staðfestar

Fundargerð 8. fundar stjórnar SSÍ 2013-2015 miðvikudaginn 18. september 2013

5. Reglugerð um Íslandsmót félagsliða

- a. Lögð fyrir og rædd
- b. Tillaga um vinnuhóp sem skili álitni fyrir 1. nóvember
 - i. Ingibjörg Kristinsdóttir stjórn SSÍ
 - ii. Jón Hjaltason KR
 - iii. Heiðar Ólason Óðinn
 - iv. Pétur Markan Vestra

Samþykkt að skipa vinnuhóp og vinna málið áfram

6. Tillaga landsliðsnefndar og landsliðsþjálfara um lágörk innlendra og alþjóðlegrar verkefna og verkefni landsliða

- a. Landsliðsverkefni, lágörk og tímabil, tillögur landsliðsnefndar
 - i. *Færeyjar vs Ísland. Val í liðið fer fram í lok september 2013. Staða sundmanna á Swim Ranking stýrir vali á liðinu en sextán sundmenn, 8 konur og 8 karla, verða valin til keppni samkvæmt þessum lista miðað við greinar mótsins.*
 - ii. *SNC. Lágmarkatímabil stendur til 12. maí 2014 frá lokum Smáþjóðaleika 2013. Lágörkin liggja ekki fyrir fyrr en eftir LEN þing.*
 - iii. *NÆM. Lágmarkatímabil hefst í upphafi sundárs og endar við lok ÍM 50 (13. apríl 2014) Lágörkin liggja fyrir*
 - iv. *NMU. Lágmarkatímabil hefst í upphafi sundárs 2013 og endar við lok ÍM25 2013 (24. nóv. 2013) Lágörkin liggja fyrir*
 - v. *EMU. Lágmarkatímabil hefst í upphafi sundárs 2013 og endar við lok ÍM 50 (13. apríl 2014). Lágörkin liggja fyrir*
 - vi. *YOG. Lágörkin og tímabilið gefin út af FINA og kynnt síðar*
 - vii. *EM25. Lágmarkatímabil hefst í upphafi sundárs 2013 endar við lok ÍM25 2013 (24. nóv. 2013) . Lágörkin liggja fyrir*
 - viii. *EM50 (eða sambærilegt verkefni). Lágmarkatímabil hefst í upphafi sundárs 2013 og endar við lok UMÍ (29. júní 2014). Lágörkin liggja fyrir*

Lágörkin heldur erfiðari en kynnt var á þjálfarafundi og formannafundi, en það er gert til að koma til móts við ábendingar starfandi þjálfara um að það þyrfti að herða á lágörkunum.

Landsliðsnefnd brást við því.

Verkefni, lágörk og lágmarkatímabil staðfest

- b. Tillaga landsliðsnefndar og landsliðsþjálfara um B lágörk
 - i. *Sundfólk sem nær lágörkum inn á ofangreind mót, má synda aðrar greinar á mótinu að því tilskyldu að tími sem viðkomandi á í þeim greinum sé ekki meira en 1,50% lakari en lágmarkstími greinarinnar og reglur viðkomandi móts leyfi það. Þjálfarar viðkomandi sundfólks senda óskir til SSÍ varðandi slíkar aukagreinar þegar lágmarkatímabili lýkur.*

Tillagan staðfest

Fundargerð 8. fundar stjórnar SSÍ 2013-2015 miðvikudaginn 18. september 2013

- c. Tillaga landsliðsnefndar og landsliðsþjálfara um þau mót sem gilda til að ná lágmarkum í landsliðsverkefni
- i. *Einungis er hægt að ná lágmarkum í alþjóðleg verkefni (landsliðsverkefni) á sundmótum sem eru á atburðardagatali SSÍ í upphafi sundtímabils (staðfest af landsliðsnefnd) og á mótadagatali LEN og FINA. Landsliðsnefnd gefur út lista yfir mót sem gilda um leið og endanlegt atburðadagatal verður gefið út 1. október 2013.*

Tillagan staðfest

- d. Tillaga landsliðsnefndar og landsliðsþjálfara um uppbyggingu landsliða
- i. *Landslið skiptast í*
 1. *Afrekslandslið*
 2. *Landslið*
 3. *Unglingalandslið*
 4. *Framtíðarhóp*
 - ii. *Landsliðsnefnd setur viðmið fyrir hvern hóp fyrir sig*
 - iii. *Einn úr stjórn eða landsliðsnefnd verður ábyrgur fyrir hverjum hópi*
 - iv. *Landsliðsþjálfari velur þjálfara til að styðja við og sjá um hvern hóp. Sá þjálfari vinnur náðið með landsliðsþjálfara*
 - v. *Haldnir verða æfingadagar fyrir alla hópa – sameiginlega eða sér.*

Tillagan staðfest

- e. SSÍ mót og lágmark fyrir þau
- i. *ÍM25 – lágmarkatímabil frá lokum ÍM25 2012 til 9. nóv 2013*
 - ii. *ÍM50 – lágmarkatímabil frá lokum ÍM50 2013 til 29. mars 2014*
 - iii. *UMÍ – lágmarkatímabil frá lokum UMÍ 2013 til 14. júní 2014*
 - iv. *AMÍ – lágmarkatímabil frá lokum AMÍ 2013 til 31. maí 2014*
 - v. *Lágmark fyrir öll mót liggja fyrir*

Tillagan og lágmarkin samþykkt

7. Atburðadagatal 2013 – 2014

- a. Lagt fyrir
- b. Verður ekki endanlegt fyrr en eftir LEN þing 2013

8. Vörumerkisstaðall SSÍ

- a. Lagður fyrir stjórn

Staðfestur – verður birtur á heimasíðu SSÍ

9. Smáþjóðaleikar á Íslandi 2015

- a. Tillaga um undirbúningshóp SSÍ
 - i. *Umsjón Hörður J. Oddfríðarson og Hlín Ástþórsdóttir*
 - ii. *Greinastjóri Hrafnkell Marínósson*
 - iii. *Dómgæsla og mannvirki Ólafur Baldursson*

Fundargerð 8. fundar stjórnar SSÍ 2013-2015 miðvikudaginn 18. september 2013

- iv. Fulltrúi sundfólks Davíð Hildiberg Aðalsteinsson
- v. Umsjón sjálfboðaliða ekki tilnefnt að sinni
- vi. Fjölmíðlfulltrúi Ekki tilnefnt að sinni
- vii. Aðrir Ekki tilnefnt að sinni

Staðfest

- b. ÍM50 2014 og RIG 2015 verða prufumót fyrir leikana

Staðfest – Verður unnið áfram á ábyrgð formanns og varaformanns

10. Staðfesting meta

25 metra laug Garpar

Karlar

35-39 ára

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
50m skriðsund	Ægir Sigurðsson	Umf Selfoss	00.26.21	03.05.13	Hafnarfjörður
100m skriðsund	Ægir Sigurðsson	Umf Selfoss	00.57.01	04.05.13	Hafnarfjörður

50-54 ára

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
200m skriðsund	Jón Hugi Harðarson	ÍA	02.27.46	04.05.13	Hafnarfjörður
400m skriðsund	Jón Hugi Harðarson	ÍA	05.16.46	04.05.13	Hafnarfjörður
800m skriðsund	Jón Hugi Harðarson	ÍA	10.51.69	03.05.13	Hafnarfjörður
50m baksund	Jón Hugi Harðarson	ÍA	00.35.54	04.05.13	Hafnarfjörður
100m baksund	Jón Hugi Harðarson	ÍA	01.18.69	04.05.13	Hafnarfjörður

55-59 ára

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
100m skriðsund	Einar Hauksson	Breiðablik	01.10.17	04.05.13	Hafnarfjörður
200m skriðsund	Einar Hauksson	Breiðablik	02.40.50	04.05.13	Hafnarfjörður
400m skriðsund	Einar Hauksson	Breiðablik	05.41.05	04.05.13	Hafnarfjörður
800m skriðsund	Einar Hauksson	Breiðablik	11.36.25	04.05.13	Hafnarfjörður
200m fjórsund	Remi Spilliaert	Ægir	03.18.56	04.05.13	Hafnarfjörður

60-64 ára

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
200m skriðsund	Sigmundur Stefánsson	Umf Selfoss	02.44.28	04.05.13	Hafnarfjörður
800m skriðsund	Sigmundur Stefánsson	Umf Selfoss	12.22.32	04.05.13	Hafnarfjörður
100m bringusund	Kári Kaaber	SH	01.28.01	04.05.13	Hafnarfjörður

75-79 ára

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
100m skriðsund	Óli G.H Þórðarsson	SH	01.44.48	04.05.13	Hafnarfjörður

200-239 ára

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
4x50m skriðsund	A- garpasveit	Ægir	01.57.65	04.05.13	Hafnarfjörður
4x50m fjórsund	A- garpasveit	SH	02.40.62	04.05.13	Hafnarfjörður

240-279 ára

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
4x50m fjórsund	A- garpasveit	SH	03.09.77	04.05.13	Hafnarfjörður

25 metra laug

Konur

35-39 ára

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
100m skriðsund	Sigurlín Garðarsdóttir	Umf Selfoss	01.07.18	03.05.13	Hafnarfjörður

40-44 ára

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
100m skriðsund	Helga Sigurðardóttir	Ægi	01.06.99	04.05.13	Hafnarfjörður

60-64 ára

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
800m skriðsund	Ingibjörg Svala Ólafsdóttir	Umf Selfoss	16.25.24	03.05.13	Hafnarfjörður
50m baksund	Ingibjörg Svala Ólafsdóttir	Umf Selfoss	00.51.01	04.05.13	Hafnarfjörður

Fundargerð 8. fundar stjórnar SSÍ 2013-2015 miðvikudaginn 18. september 2013

100m baksund	Ingibjörg Svala Ólafsdóttir	Umf Selfoss	01.52.11	04.05.13	Hafnarfjörður
50m bringusund	Björg Kristófersdóttir	UMSB	00.51.05	03.05.13	Hafnarfjörður
100m bringusund	Björg Kristófersdóttir	UMSB	01.55.04	03.05.13	Hafnarfjörður
200m bringusund	Guðmunda Ólöf Jónasdóttir	UMSB	04.20.57	04.05.13	Hafnarfjörður
50m flugsund	Ingibjörg Svala Ólafsdóttir	Umf Selfoss	00.57.69	04.05.13	Hafnarfjörður

65-69 ára

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
50m bringusund	Ragna María Ragnarsdóttir	Ægir	01.05.83	04.05.13	Hafnarfjörður
50m bringusund	Ragna María Ragnarsdóttir	Ægir	02.25.78	04.05.13	Hafnarfjörður

240-279 ára

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
4x50m fjórsund	A- garpasveit	SH	02.44.35	04.05.13	Hafnarfjörður

50 metra laug Garpar

Konur

40-44 ára

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
50m skriðsund	Þórunn Kristín Guðmundsdóttir	Ægir	00.39.65	06.09.13	Eindhoven
100m skriðsund	Þórunn Kristín Guðmundsdóttir	Ægir	01.23.55	06.09.13	Eindhoven
200m skriðsund	Þórunn Kristín Guðmundsdóttir	Ægir	02.55.33	06.09.13	Eindhoven
400m skriðsund	Þórunn Kristín Guðmundsdóttir	Ægir	06.01.54	06.09.13	Eindhoven
800m skriðsund	Þórunn Kristín Guðmundsdóttir	Ægir	12.13.70	06.09.13	Eindhoven
400m skriðsund	Þórunn Kristín Guðmundsdóttir	Ægir	06.00.88	07.09.13	Eindhoven
50m skriðsund	Þórunn Kristín Guðmundsdóttir	Ægir	00.38.58	07.09.13	Eindhoven
100m skriðsund	Þórunn Kristín Guðmundsdóttir	Ægir	01.22.26	07.09.13	Eindhoven
200m skriðsund	Þórunn Kristín Guðmundsdóttir	Ægir	02.54.52	07.09.13	Eindhoven
200m skriðsund	Þórunn Kristín Guðmundsdóttir	Ægir	02.54.10	08.09.13	Eindhoven
100m skriðsund	Helga Sigurðardóttir	Ægir	01.07.60	08.09.13	Eindhoven
200m bringusund	Þórunn Kristín Guðmundsdóttir	Ægir	03.35.67	08.09.13	Eindhoven
100m bringusund	Þórunn Kristín Guðmundsdóttir	Ægir	01.43.04	08.09.13	Eindhoven
50m bringusund	Þórunn Kristín Guðmundsdóttir	Ægir	00.48.62	08.09.13	Eindhoven
50m skriðsund	Helga Sigurðardóttir	Ægir	00.31.61	09.09.13	Eindhoven
50m skriðsund	Helga Sigurðardóttir	Ægir	00.30.44	09.09.13	Eindhoven

50 metra laug

Drengir

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
400m fjórsund	Ólafur Sigurðsson	SH	04.56.48	15.06.13	Hafnarfjörður

Stúlkur

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
400m fjórsund	Ólöf Edda Eðvarsdóttir	ÍRB	05.02.33	15.06.13	Hafnarfjörður

Karlar

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
400m skriðsund	Anton Sveinn McKee	Ægir	03:56,65	11.04.13	Reykjavík
200m fjórsund	Anton Sveinn McKee	Ægir	02:05,94	28.05.13	Lúxemborg
4x100m fjórsund	Landsmet	ÍSL	03:47,72	30.05.13	Lúxemborg

Davíð Hildiberg Aðalsteinsson

Daniel Hannes Pálsson

Anton Sveinn McKee

Alexander Jóhannesson

400m skriðsund	Anton Sveinn McKee	Ægir	03:54,67	28.07.13	Barcelona
----------------	--------------------	------	----------	----------	-----------

Konur

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
50m baksund	Ingibjörg Kristín Jónsdóttir	SH	00:28,99	14.04.13	Reykjavík
100m bringusund	Hrafnhildur Lúthersdóttir	SH	01:09,48	14.04.13	Reykjavík
200m skriðsund	Eygló Ósk Gústafsdóttir	Ægir	02:02,44	30.05.13	Lúxemborg
50m baksund	Ingibjörg Kristín Jónsdóttir	SH	00:28,62	31.07.13	Barcelona
50m bringusund	Hrafnhildur Lúthersdóttir	SH	00:31,50	03.08.13	Barcelona
50m bringusund	Hrafnhildur Lúthersdóttir	SH	00:31,37	03.08.13	Barcelona

Fundargerð 8. fundar stjórnar SSÍ 2013-2015 miðvikudaginn 18. september 2013

25 metra laug

Sveinar

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
200m baksund	Brynjólfur Óli Karlsson	Breiðablik	02:26,82	28.06.13	Akureyri
100m baksund	Brynjólfur Óli Karlsson	Breiðablik	01:07,48	26.06.13	Akureyri

Drengir

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
200m skriðsund	Ólafur Sigurðsson	SH	02:00,92	29.06.13	Akureyri

11. Félagaskipti

Nafn	Fyrri félag	Nýtt félag	dags. mótt	Tekur gildi.
Bjarndís Sól Helenudóttir	UMFG	ÍRB	26.08.2013	25.09.2013
Elva Björg Elvarsdóttir	Hamar	ÍRB	06.09.2013	06.10.2013

12. Önnur mál

- a. Splash mótaforit

Samþykkt að ganga að tilboði GeoLogix, félögum verður boðið að ganga inn í tilboðið, framkvæmdastjóri sendir kynningu á félög og gengur frá kaupum.

- b. Fjáröflunarverkefni 28. september 2013

Verður unnið áfram á ábyrgð formanns

- c. Sundkeppni almennings seinni hluta vetrar

Verður unnið áfram á ábyrgð formanns

- d. Skólamót í sundi og sundknattleik

Verður unnið áfram á ábyrgð formanns

Fundi slitið kl. 19:55